

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 – 2001

26. apríl 2001

733

Nr. 329

REGLUGERÐ

um greiðslu atvinnuleysisbóta til útlendinga á tímabundnu atvinnuleyfi.

1. gr.

Heimilt er að greiða atvinnuleysisbætur til útlendinga á tímabundnu atvinnuleyfi sem missa vinnu sína vegna verkfallsaðgerða annarra starfsstétta, enda hafi atvinnurekandi þeirra greitt tryggingargjald vegna starfa þeirra. Um ákvörðun bótaréttar þeirra fer að öðru leyti eftir lögum um atvinnuleysisstryggingar nr. 12/1997, að undanskildri 13. gr. þeirra laga.

Þeir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur skv. reglugerð þessari skulu á þeim tíma sækja námskeið í íslensku fyrir útlendinga, samfélagsfræðslu eða aðra þá fræðslu sem stendur til boða, er viðurkennd af svæðisvinnumiðlun og nýst getur sem starfsþjálfun.

Skilyrði fyrir greiðslu bóta samkv. reglugerð þessari er að eftir umræddan tíma snúi bótaþegi til starfa hjá fyrri atvinnurekenda um leið og vinna hefst að nýju.

2. gr.

Vinnumálastofnun skal halda sérstaka skrá yfir þennan hóp útlendinga og skulu umsóknir um bætur berast til stofnunarinnar sem úthlutar bótum skv. reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 12/1997 um atvinnuleysisstryggingar með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. apríl 2001.

Páll Pétursson.

Berglind Ásgeirsdóttir.